

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2006 frá 27. október 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 909/2006 frá 20. júní 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagrænar landbúnaðarskýrslur í Bandalaginu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004) í XXI. viðauka við samninginn:

- **32006 R 0909**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 909/2006 frá 20. júní 2006 (Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14).

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 909/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 366, 21.12.2006, bls. 79, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 21.12.2006, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 168, 21.6.2006, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.